

Verkefni / rannsókn: Svona gerum við: Eftirfylgni verkefnisins

Styrkþegi: Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Samantekt

Árið 2006 kallaði Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) saman þverfaglegan hóp 40 einstaklinga sem voru í forsvari fyrir hagsmunaaðila nýrra íbúa, þar voru m.a. aðildarsveitarfélög SSA, stofnanir, fyrirtæki og fulltrúar innflytjenda á Austurlandi, í starfshóp til að vinna verkefni um bættu þjónustu við innflytjendur. Á Þjóðahátíð í Fjarðabyggð 18. febrúar 2007 skilaði verkefnisstjórnin af sér skýrslu sem ber heitið “Svona gerum við: Leiðir að fjölmennningarlegu samfélagi á Austurlandi”. Þar var m.a. lagt til að sett yrði á laggirnar Eftirfylgnisteymi sem myndi fylgja tillögunum eftir og vera sveitarfélögum innan handar. Eftirfylgnisteymið hóf störf í framhaldinu og er verkefnisstjórn skipuð fulltrúum frá sveitarfélögum Fjarðabyggð, Fljótshálsa og Hornafirði ásamt framkvæmdastjóra SSA, starfsmanni Þróunarfélags Austurlands sem var verkefnisstjóri teymisins og verkefnisstjóra Fjölmenningarseturs.

Markmið með verkefninu er að fylgja eftir skýrslunni *Svona gerum við* og miðla upplýsingum til sveitarfélaga um innflytjendamál. Sú vinna sem fór af stað með *Svona gerum við* hefur án efa átt þátt í að virkja og styrkja sveitarfélögin á svæðinu. Það aðhald sem Eftirfylgnisteymið veitir sveitarfélögum á Austurlandi skilar þeim árangri að þau eru meðvituð um þarfir nýrra íbúa og vita hvert þau eiga að leita eftir upplýsingum og ráðgjöf. Tilkoma verkefnisstjóra Fjölmenningarseturs á Austurlandi hefur eflt verkefnið til muna og gert það að verkum að sveitarfélög og þeirra þjónustustofnanir eru upplýstari en ella. Með Eftirfylgnisteymi og verkefnisstjóra Fjölmenningarseturs næst góð yfirsýn yfir stöðuna í fjórðungnum sem gerir öll vinnubrögð markvissari.

Eftirfylgnisteymið hefur hist reglulega, farið yfir framvindu verkefnisins og miðlað upplýsingum. Verkefnisstjóri Eftirfylgnisteymisins og verkefnisstjóri Fjölmenningarseturs hafa verið í upplýsingamiðlun til annarra sveitarfélaga ásamt því að veita ráðgjöf, vera þeim innan handar og hvetja þau áfram. Á aðalfundi SSA í september sl. var verkefnisstjóri Fjölmenningarseturs með erindi þar sem farið var yfir stöðuna og sveitarfélögin hvött til að fara í markvissa stefnumótunarvinnu.

Starfi Eftirfylgnisteymis lýkur formlega nú um áramót 2008-2009. Sveitarfélög hafa nú greiðan aðgang að verkefnisstjóra Fjölmenningarseturs ásamt því að geta leitað til SSA og ÞFA eftir ráðgjöf.

Project: This is how we do it: follow-up on the project

Grantee: The Regional Association of local Authorities in East Iceland

Abstract

In 2006 The Regional Association of local Authorities in East Iceland (RAAE) formed an interdisciplinary group of 40 individuals, representing its local Authorities, numbers of individuals, companies in the area and a representative from immigrants, with the aim of increase service for immigrants in East-Iceland. In February 2007 the group published a report *Svona gerum við (e. This is how we do it)*. In the report it was suggested that RAAE should set up a “follow up” team to implement the ideas/projects in the report and it should be formed by people from the local governments in East-Iceland.

The “follow up” team was established and began the implementation process as well as make certain information was continuously shared with local authorities. The work which started with *This is how we do it* has undoubtedly strengthen the communities in East-Iceland. With the establishment of the *Multicultural Center* the communities in East-Iceland have received an impressive amount of support for this work. It has made local authorities more informed then they otherwise would have been. With the follow-up team and a project manager from the Multicultural Center we have had much better overview of the situation and capabilities to perform effectively.

The “follow up” team has organized several meetings. The greatest focus of the work has been on dispensing information and coaching local authorities in their improvement efforts. In September, at the RAAE annual meeting the Multicultural Center manager held a lecture and urged local government in East-Iceland to focus even more on the issue and work systematically on policies for people who are new to the area.

The work of the follow-up team finishes at the end of this year (2008). Local governments now have the opportunity to seek information from the Multicultural Center, the RAAE and Development Center of East-Iceland.